

Áríðandi innköllun á bjór sem getur bólgnað út og sprungið

ÁTVR innkallar vöruna *Benchwarmers Citra Smash*, sem er bjór í 330 ml áldós, þar sem umbúðir vörunnar geta bólgnað út og sprungið með tilheyrandi slyshættu. Innköllunin miðast eingöngu við birgðir vörunnar merktar með best fyrir dagsetningum: 19.12.21 og 22.12.2021. Á dós er strikamerki 735009942004 og á kassa sem geymir 24 áldósir er strikamerki 7350099424960.

Varan hefur verið fjarlægð úr hillum Vínbúða. Allir sem eiga þessa vöru, með fyrrnefndum “best fyrir” dagsetningu, eru beðnir um að farga henni eða skila í næstu vínbúð og fá hana þar bættu. Ef umbúðir vörunnar eru bólgnar er rétt að leiðbeina um að opna umbúðirnar að viðhafðri fyllstu varúð.

Innflytjandi vörunnar og ábyrgðaraðili er: DHJ ehf., Brekkubýggð 33, Garðabæ.

Varan hefur verið seld í 10 vínbúðum ÁTVR: Kringlunni, Heiðrónu, Skútuvogi, Skeifunni, Dalvegi, Smáralind, Garðabær, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Akureyri.

Nánari upplýsingar veita Skúli Þór Magnússon, sérfræðingur á vörusviði, s. 842 2747 og Sigrún Ósk Sigurðardóttir, s. 895 6484.

